

# Erindi sjósporðklúbbsins Sæfara vegna aðstöðu við Suðurtanga 2

Til bæjarráðs Ísafjarðarbæjar.

|                                   |
|-----------------------------------|
| Ísafjarðarbær                     |
| MOTIEKID                          |
| 29. maí 2019                      |
| Málsnr. 2019-05-0091              |
| Frumrit - skilist til skjalasafns |

Ísafirði 20.05 2019

Um langa hríð hefur sjósporðklúbburinn Sæfari haldið úti starfsemi fyrir börn og fullorðna á Suðurtanga. Saga klúbbsins nær áratugi aftur í tímann enda er allt sem tengis íþróttaiðkun á sjó vinsælt hjá stórum hluta almennings á Ísafirði.

Barnanámskeið félagsins njóta vaxandi hylli, í ár bar svo við að öll pláss á barnanámskeið sumarsins seldust upp fyrir hádegi daginn sem þau voru auglýst.

Aðstaða félagsins til þess að hýsa áðurnefnd námskeið er þrátt fyrir vinsældirnar nokkuð bágborin. Félagið hefur ráðið við að kaupa inn öryggisbúnað á öll börn sem sækja námskeiðin: skó, galla og sundvesti auk þess sem féluginu hefur tekist að verða sér út um styrki til þess að smíða bryggju svo hægt sé að fara frá landi og komast til baka á litlum seglbátum án verulegra vandræða. Það sem helst stendur féluginu fyrir þrifum er sjálft húsnæðið sem félagið hefur til afnota. Það er þróngt og lítið pláss er fyrir bátageymslur og sturtuaðstöðu fyrir iðkendur, auk þess sem heita vatnið er fljótt að klárást þannig að á kaldari dögum geta skapast af því vandræði.

Fyrirtækið Sjósportmiðstöð Íslands er rekið undir sama þaki og þar sem Sæfari er með aðstöðu, í næsta „bili“ til norðurs. Þar hefur verið byggð upp aðstaða sem er að flestu leyti mjög góð, stórt geymslurými og sturtur. Mjög margir af félögum Sæfara leigja þar aðstöðu fyrir báta sína og eiga pláss í þurrum skáp fyrir fatnað. Þetta húsnæði er nú til sölu.

Að mati stjórnar og félagsmanna Sæfara (málið var tekið fyrir á síðasta aðalfundi 12. maí 2019) væri afleitt ef húsnæðið yrði tekið til annara nota en að hýsa þar aðstöðu fyrir iðkendur sjóspors (þar er að finna kajakfólk, siglingamenn, kafara og sjósundsfólk svo eitthvað sé nefnt) og vill félagið benda á eftirfarandi atriði:

1. Atvinnustarfsemi og íþróttaiðkun / námskeiðshald fyrir börn á engan vegin saman vegna slysa hættu. Mjög vinsælt er hjá ferðamönnum sem heimsækja Ísafjörð að skoða það sem fram fer á námskeiðum Sæfara, yfirbragð svæðisins yrði allt annað ef óskyld atvinnustarfsemi kæmi inn í rýmið og þetta myndi að öllum líkindum rýra ásynd byggðasafnsins sem er staðsett i Neðstakaupstað.
2. Rætt hefur verið að reisa skemmu þar sem byggðasafnið á að fá aðstöðu. Sæfari þarf ekki til afnota allt það rými sem er til sölu, vel mætti hugsa sér að safnið fengi þann hluta sem snýr í austur. Húsnæðið á sér langa og merkilega sögu, þarna var til dæmis fyrsta rækjuverksmiðja Ísafjarðar og trúlega með þeim fyrstu á landinu.
3. Fjaran neðan við húsið er ein af fáum á Ísafirði þar sem með góðu móti er hægt að sjósetja kajaka og kænur. Annarsstaðar er grjótvörn í fjörum eða hafnarmannvirki. Annað húsnæði en þetta kemur því vart til greina fyrir starfsemi félagsins.
4. Mikil bót áðurgreindra vandamála í sambandi við námskeiðahald myndi hljótast af því ef bærinn keypti aðstöðu Sjósportmiðstöðvar Íslands og léti Sæfara eftir aðstöðuna til leigu eða afnota.


Sjósportklúbburinn Sæfari fer þess vegna formlega á leit við bæjarráð Ísafjarðarbæjar að ráðið í hugi kaup á aðstöðu Sjósportmiðstöðvar Íslands, áhugafólki um sjósport, hvort heldur börnum eða fullorðnum til heilla og gleði.

Fyrir hönd Sæfara,

Rúnar Helgi Haraldsson, ritari



Torfi Einarsson, umsjónarmaður barnastarfs



Magni Hreinn Jónsson, húsnæðisnefnd Sæfara

